

Rektor setti fund kl. 15.

Mættir voru auk hans:

Sólveig Ása Árnadóttir fulltrúi kennara
Baldur Guðnason fulltrúi menntamálaráðherra
Finnur Friðriksson varamaður, fulltrúi kennara

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri sat hluta fundarins

Gestir:

Pétur Dam Leifsson lektor

Rektor bauð fundarmenn velkomna og kynnti dagskrá. Ákvað hann að taka fyrir lið 2 á boðaðri dagskrá.

1. Tillögur um breytingar á reglum háskólans og ferli til að virkja nýtt háskólaráð.

0808067, 0808066

Rektor gerði grein fyrir ákvæðum Laga um opinbera háskóla nr. 85/2008 um skipun háskólaráðs.

Fyrir fundinum lá skjal, *Tillögur um breytingar á reglum háskólans og ferli til að virkja nýtt háskólaráð*, gert af Pétri Dam Leifssyni, dagsett 29. ágúst 2008.

Umræður urðu um hvaða leið skyldi fara við val á fulltrúa og varafulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð. Einnig var rætt um að hugtakið háskólasamfélag þarfnæðist nánari skilgreiningar.

Fram kom tillaga um að stéttarfélögum innan háskólans yrði sjálfum falið að velja sína fulltrúa á fundinn. Ákveðið var að gera nýjar tillögur um breytingar á reglum háskólans og fundi frestað kl. 16.

Fundi var fram haldið þann 3. sept. kl. 14. Mætt voru auk rektors:

Sólveig Ása Árnadóttir,
Baldur Guðnason,
Finnur Friðriksson,
Steinþór Þorsteinsson varamaður, fulltrúi nemenda
Ólafur Halldórsson.

Rektor hóf fund og bauð fundarmenn velkomna. Dagskrá var sú sama og daginn áður.

1. Fyrir lá skjal: *Tillögur um breytingar á reglum háskólans og ferli til að virkja nýtt háskólaráð*, gert af Pétri Dam Leifssyni, dagsett 9. september.
Í þeim felst að stjórnir eða talsmenn fagfélaga innan háskólasamfélagsins: FHA, Félags prófessora við HA og starfsmanna HA sem eru í SFR velja hver sinn fulltrúa í valnefnd. Valnefnd sér um að tilnefna fulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð og er sú tilnefning borin undir atkvæði á háskólafundi.
Þessar tillögur um breytingar á reglum háskólans og ferli til að virkja nýtt háskólaráð skulu sendar sömu aðilum og stjórn FSHA til umsagnar.
Tillögurnar voru bornar upp og samþykktar samhljóða.

2. Fundargerð síðasta fundar

0808037

Borin var upp og samþykkt fundargerð 268. fundar frá 21. ágúst.

3. Önnur mál.

Engin mál voru undir þessum lið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.45.